

Heimir Örn hefur starfað við kennslu og stjórnun við grunnskóla í 16 ár, fyrst við Ingunnarskóla en lengst af við Naustaskóla á Akureyri. Heimir Örn starfaði í stjórnunarteymi Naustaskóla sem deildarstjóri á árunum 2018-2022. Áður var hann framkvæmdastjóri Golfklúbbs Akureyrar. Heimir hefur verið mjög virkur í félagsmálum og sjálfbóðaliðastarfi hjá Íþróttafélgöum KA og KA/Þór frá því að hann man eftir sér. Árið 2016 tók hann að sér að vera formaður unglingaráðs KA og KA/Þór í handbolti og var þar alveg þangað til að hann fór í pólitíkina árið 2022.

Heimir er einnig með dómara réttindi og hefur klárað öll stig þjálfaramenntunar hér á landi í handknattleik . Árið 2022 kláraði hann æðstu þjálfargráðu í handbolti sem er Mastecoach EHF. Hann hefur þjálfað meistaraflokk KA, Akureyri og Fylki í meistaraflokki karla í handknattleik og yngri flokka síðan 1995

Heimir Örn hefur verið oddviti Sjálfstæðisflokksins á Akureyri og bæjarfulltrúi frá 2022. Hann hefur verið formaður bæjarráðs frá 2023 en var áður forseti bæjarstjórnar og varaformaður bæjarráðs 2022-2023. Hann er formaður í fræðslu- og lýðheilsuráði og varamaður í skipulagsráði.

Heimir Örn hefur verið afar virkur í kringum allar íþróttir á Akureyri og sveitarfélögunum í kring. Það er mjög mikilvægt að framkvæmdarstjórn ÍSÍ fái sterka rödd frá landsbyggðinni sem hefur reynslu af þjálfara-, sjálfbóða og íþróttastarfi.

Kær kveðja

Heimir Örn Árnason